

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:	Kr.
a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði	720,70
og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð	
b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns	43,70
c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnata, fyrir rúmmetra vatns	80,85
d) Gjald fyrir lokun og enduropnun	1 441,45

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarkspörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 720,70

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	97 521,00 kr.
300– 2 000 m ³	97 521,00 kr. fyrir 300 m ³ og 89,45 kr/m ³ þar yfir
2 000– 6 000 m ³	249 861,00 kr. fyrir 2 000 m ³ og 71,20 kr/m ³ þar yfir
6 000–10 000 m ³	534 514,00 kr. fyrir 6 000 m ³ og 58,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	766 454,00 kr. fyrir 10 000 m ³ og 50,15 kr/m ³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 9 967,00 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. janúar 1991 176,5 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 94, 16. febrúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varma úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Suðureyrar.

2. gr.

Heitavatnsrennsli til hitunarkerfa húsa, neysluvatnslagna, iðnaðarkerfa o. fl., skal mælt með rúmmetramælum og greitt fyrir varmanotkunina samkvæmt þeirri mælingu. Jafnframt skal greitt fast árgjald sem innheimt verður mánaðarlega.

3. gr.

Fyrir afnot af allri heitavatnsnotkun skal greiða varmagjald (orkugjald) samkvæmt rúmmetramæli að viðbættu fastagjaldi fyrir hvern rúmmetramæli.

A. Varmagjald:

Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns	kr.	111,00
Virkjunarvatn hver rúmmetra vatns	kr.	100,00

B. Fastagjald:

Fastagjald fyrir hvern rúmmetramæli.

B.1 Fyrir mæla til og með 3/4"	kr.	942,00
B.2 Fyrir mæla 1"-2"	kr.	1 885,00
B.3 Mælastærð stærri en 2"	kr.	3 771,00

4. gr.

C. Heimæðagjöld:

Heimæðagjöld skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

C.1 Fyrir hús allt að 400 rúmmetra	kr.	137 657,00
C.2 Fyrir hús stærri en 400 rúmmetra	kr.	137 657,00
að viðbættum	kr.	103 00
fyrir hvern rúmmetra umfram 400.		

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 metrar að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3 Mælagrindargjald	kr.	25 790,00
C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m lengd frá lóðarmörkum	kr.	2 415,00